Framkvæmdarannsókn í landi Þormóðsstaða

Vegna uppsetningar ærslabelgs við Ægisíðu

Lilja Laufey Davíðsdóttir og Stefán Ólafsson

Fornleifastofnun Íslands ses
Reykjavík 2023
FS932-22371

Í forgrunni forsíðumyndar sjást holur sem búið er að grafa fyrir uppsetningu girðingar í kringum svæðið. Bakvið ærslabelginn sjálfan sést Ægisíða 41-43 (Lambhóll). Horft er í vestur.

Myndina tók Stefán Ólafsson

Fornleifastofnun Íslands 2023
Bræðraborgarstígur 9
101 Reykjavík
Sími: 5511033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 3
Myndaskrá 4
Grunnupplýsingar 5
Staðsetningarkort 6
Útdráttur 7
Abstract 7
Inngangur 8
Saga Þormóðsstaða 8
Aðferðafræði 9
Gripir 10
Vettvangsrannsókn 11
Skurður 1 11
Skurður 2 12
Skurður 3 15
Holur fyrir girðingarstaura 18
Gripir 20
Umræður og niðurstöður 21
Heimildir 22
Vikaukar 23
Viðauki 1 – Einingaskrá 23
Viðauki 2 – Ljósmyndaskrá 25

Myndaskrá

Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðisins. Kortagerð Lilja Laufey Davíðdsdóttir....6
Mynd 2. Þormóðsstaðir um 1940-1950. Horft til austurs. Heimild: Anna Lísa Guðmundsdóttir 2009, 9. 8
Mynd 3. Einingaaðferðin og Harris matrix 9
Mynd 4. Kort sem sýnir staðsetningu ærslabelgs og girðingar miðað við mannvirki á eldri uppdráttum. Milli áranna 1913 og 1930 hefur kálgarðurinn verið minnkaður og meðalalýsisbræðslan stækkuð. Vinnuskúrar hafa líklega verið rifnir og stærsta húsið þar stækkað eða endurbyggt. Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir. 11
Mynd 5. Steyptur veggur [104] af meðalalýsishúsi Alliance. Horft í norður. (Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir) 12
Mynd 6. Suðurendi á steyptum grunni og plötu [208]. Horft í austur. (Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir) 13
Mynd 7. Steyptur grunnur eða plata [208] gengur ekki lengra til austurs, inn í skurð 3. Horft í suður. (Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir). 13
Mynd 8. Sniðteikning af skurði 1. Leirker tímasett frá 1870-1940 fundust í jarðlagi [121]. (Teikning Lilja Laufey Davíðsdóttir) 14
Mynd 9. Sniðteikning af skurði 2. (Teikning Lilja Laufey Davíðdóttir). 14
Mynd 10. Steypt plata [308] og hleðsla [309] úr óþekktu mannvirki. (Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir) 15
Mynd 11. Torfblandað jarðlag [204] sést efst, viðarspýtur [416] og steypt plata (mulningur) [409] í miðjunni og nest sést steypt plata [415] sem nær yfir í aursturhluta skurðarins. (Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir) 16
Mynd 12. Sniðteikning af jarðlögum í skurði 3. (Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir). 17
Mynd 13. Sniðteikning af skurði 4 (Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir). 17
Mynd 14. Yfirlitsmynd af holum 24-30. Horft í norður. (Ljósmynd Stefán Ólafsson). 18
Mynd 15. Hola 18. Verið að grafa holu 18 fyrir girðingu kringum ærslabelg. (Ljósmynd Stefán Ólafsson). 19
Mynd 16. Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið með upplýsingum um þau steyptu mannvirki sem fundust á svæðinu og tengsl þeirra við minjar úr heimildum. (Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir) 19
Mynd 17. Ljósmynd af leirkerum sem fundust við rannsóknina. Tímasett 1870-1940. (Ljósmynd Kristjana Vilhjálmsdóttir). 20
Mynd 18. Járngripurinn sem fannst í jarðlagi [121]. (Ljósmynd Kristjana Vilhjálmsdóttir) 20

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ):
202208-0069

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS):
2022-62

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna:
Anna Lísa Guðmundsdóttir (2009). *Fornleifaskráning Þormóðsstaða. Skýrsla nr. 145*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur. 220-55, 220-58, 220-072 og óskráður kálgarður (túnakort af Þormóðsstöðum, 1913).

Stutt lýsing rannsóknar:
Vegna uppsetningar á ærslabelg við Ægisíðu voru grafnir fjórir skurðir og 30 holur fyrir girðingastaura vestan við leikskólann Sæborg. Ýmsir steyptir grunnar komu í ljós; frá Fiskvinnslu Alliance árið 1930 auk vinnuskúra og meðalalýsisbræðslu frá 1913.

Tegund rannsóknar:
Framkvæmdarannsókn og framkvæmdaeftirlit

Ástand fornleifa við lok rannsóknar:
Fornleifar sem komu fram í skurðum eða holum voru fjarlægðar

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla):
Þormóðsstaðir, Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla

GPS hnit (miðja rannsóknarsvæðis):
A: 355868 N:406964

Rannsóknartími (nákvæmar dagsetningar):
25.-26. ágúst, 30. ágúst

Leyfishafi:
Lilja Laufey Davíðsdóttir

Fjöldi starfsmanna:
2

Staðsetningarkort



Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðisins. Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir.

Útdráttur

Í ágúst 2022 sá Fornleifastofnun Íslands um framkvæmdarannsókn á heimatúni Þormóðsstaða í landi Skildinganess í Reykjavík. Við uppsetningu ærslabelgs við Ægisgötu komu í ljós steinsteyptar minjar og úrskurðaði Minjastofnun Íslands sem svo að teikna þyrfti snið í þeim skurðum sem þegar höfðu verið grafnir, auk þess að vakta jarðvinnslu á uppsetningu girðingar þar í kring. Í ljós komu ýmis mannvirki sem sjást á túnakorti frá 1913 auk yngri mannvirkja sem sjást á korti frá 1930. Mannvirkin tengjast flest umsvifum Fiskveiðihlutafélagi Alliance á svæðinu; meðalalýsisbræðsla, þurrkhjallar og önnur fiskvinnsluhús. Augljóst er að mikil jarðvinnsla hefur átt sér stað á svæðinu og mikið er um nýlegar gryfjur með rótuðum jarðvegi. Nær bæjarstæðinu eru nokkur ummerki um eldri jarðlög og þar sést einnig torfblandað lag sem mögulega eru leifar frá kálgarði sem þarna stóð um 1913 en var færður austar eftir því sem umsvif fiskvinnslunnar jókst á svæðinu. Grunnar fiskvinnslu Alliance virðast almennt heillegir undir yfirborði.

Lykilorð

Reykjavík, Skildinganes, Þormóðsstaðir, framkvæmdarannsókn, 20. öld, Fiskveiði-hlutafélagið Alliance, lýsisbræðsla, fiskvinnsla, heimatún.

Abstract

The Institute of Archaeology carried out a development led archaeological investigation in August 2022 of the old home-field in Þormóðsstaðir in Skildinganes, Reykjavík. As a result of earthwork in the home-field, due to installation of an inflatable Kangaroo jumper in the area, the Cultural Heritage Agency of Iceland decided that all profiles should be recorded and as well a watching brief when the installation of the fence was being carried out. Various types of concrete structures were visible in the trenches, that can be seen on maps from 1913 and 1930. Most of the are connected to the Alliance fishing Corporation, that was build in the area around 1912 and later; Fish oil melting factory, fish drying racks and other fish processing buildings. A lot of earthwork has been done around the area and modern pits area visible all over. Older deposits are visible closer to the farmstead; mixed turf collapse, possible from a vegetable garden built prior to 1913 but moved further east due to the expansion of the Alliance corporation. The foundations of the fish processing factories are mostly still preserved under the surface.

Keywords

Reykjavík, Skildinganes, Þormóðsstaðir, development led archaeology, 20th Century, Alliance Fishing Corporation, fish oil melting, fish processing, home field.

Inngangur

Í ágúst 2022 fékk Fornleifastofnun Íslands fyrirspurn frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar um hvort stofnunin gæti tekið að sér verkefni sem fólst í rannsóknum á minjum sem komið höfðu upp við uppsetningu ærslabelgs við Ægisíðu, á gamla bæjarstæði Þormóðsstaða. Þegar var búið að grafa fjóra skurði þar sem ærslabelgurinn átti að vera en einnig átti eftir að grafa holur fyrir uppsetningu girðingar í kringum belginn. Samkvæmt úrskurði Minjastofnunar Íslands þurfti að teikna og skrá snið í skurðunum fjórum auk þess að eftirlit þurfti að vera með framkvæmdum þegar holurnar yrðu grafnar fyrir girðingum. Reyna átti að halda jarðraski í lágmarki við uppsetningu girðingarinnar og fornleifafræðingur að skrá allar minjar sem kæmu fram í holunum.[1]

Vettvangsvinna fór fram dagana 24.-25. ágúst og framkvæmdavakt þann 30. ágúst. Lilja Laufey Davíðsdóttir stýrði rannsókninni og sá um vettvangsvinnu en auk hennar sá Stefán Ólafsson um eftirlit við uppsetningu girðingar í kringum ærslabelginn. Kristjana Vilhjálmsdóttir sá um gripavinnu og gripaljósmyndun en Gavin Lucas greindi leirker. Lilja Laufey sá um almenna úrvinnslu, kortagerð og skýrsluskrif.

Saga Þormóðsstaða

Þormóðsstaðir voru byggðir upp í landi Skildinganess og koma fyrst fyrir í heimildum árið 1850, býlið þá merkt inn á kort af Reykjavík. Tvö önnur býli eru þá á svipuðum stað, Lambhóll (nú Ægisíða 41-43) og Garðar.[2] Árið 1887 eru sömu þrjú býlin einnig merkt á kort og á túnakorti býlisins frá 1913 virðist bærinn standa á svipuðum stað og á hinum tveimur kortunum, 20 m sunnan við Sæborg og 160 m suðaustan við Lambhól. Tveir kálgarðar fylgdu þessu skeiði býlisins, annars vegar



Mynd 2. Þormóðsstaðir um 1940-1950. Horft til austurs. Heimild: Anna Lísa Guðmundsdóttir 2009, 9.

[1] Þór Hjaltalín 2022.
[2] Páll Líndal 1989, 46.

kálgarður suðaustan við bæ og hins vegar kálgarður VNV við bæ. Fiskveiðihlutafélagið Alliance keypti jörðina á öðrum áratugi 20. aldarinnar og rak þar lifrabræðslu frá 1912-1927. Lifrabræðslu var alveg hætt á svæðinu árið 1927 en á Þormóðstöðum voru áfram ýmis fiskverkunarhús og þurrkhjallar í eigu Alliance. Árið 1955 voru allir þurrkhjallar horfnir en fiskvinnsluhúsin stóðu þar enn.[3] Þormóðsstaðir voru lagðir undir Reykjavík, ásamt Skildinganesi árið 1932.[4]

Aðferðafræði

Alls voru grafnir fjórir skurðir sem mynduðu ferhyrning, tveir 18 m langir og tveir 10 m langir. Í kringum skurðina voru grafnar alls 30 holur fyrir girðingarstaura. Bæði skurðir og holur voru vélgrafin og var farið jafn djúpt og þurfti til við uppsetningu ærslabelgs. Snið í skurðum voru ljósmynduð og teiknuð og öllum jarðlögum lýst. Ef minjar komu upp í holum var þeim lýst og teknar ljósmyndir. Skurðir voru mældir upp með Trimble geoexplorer 6000 handtæki.

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. *single context recording*), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.[5] Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver einingar er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á svæðinu. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer einingar og hópa þar sem það á við.



Mynd 3. Einingaaðferðin og Harris matrix

[3] Veiðihlutafélagið Alliance 50 ára 1955, 6.
[4] Páll Líndal 1988, 194.
[5] Lucas 2003.

Gripir

Nokkrir gripir fundust við rannsóknina, meðal annars leirker. Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma eru einiganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.

Vettvangsrannsókn

Vettvangsvinna hófst í lok ágúst og var markmið rannsókna að kanna hvaða minjar væri að finna í þeim skurðum sem þegar höfðu verð grafnir á svæðinu. Nokkrir steyptir grunnar höfðu komið í ljós við jarðvegsvinnuna ein einnig malarjarðlög í bland við blönduð jarðlög og mannvistarlög. Skurðirnir fjórir sem voru grafnir mynduðu saman ferhyrning (sjá mynd 4).

Mynd 4. Kort sem sýnir staðsetningu ærslabelgs og girðingar miðað við mannvirki á eldri uppdráttum. Milli áranna 1913 og 1930 hefur kálgarðurinn verið minnkaður og meðalalýsisbræðslan stækkuð. Vinnuskúrar hafa líklega verið rifnir og stærsta húsið þar stækkað eða endurbyggt. Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir.

Skurður 1

Skurður 1 var syðst á svæðinu, 18 m langur og snéri nokkurn vegin vestur-austur. Norðursnið í skurðinum var teiknað, eða sú hlið sem snéri inn að miðju ferhyrningsins (sjá mynd 8). Vestast í skurðinum kom í ljós steyptur veggur [104] sem virðist vera grafinn niður fyrir [106] í gegnum jarðlag [105] (sjá mynd 5). Hann var 35 cm á breidd og 50 cm á hæð, nær þó líklega eitthvað dýpra niður. Þessi steypta bygging sést einnig í skurði 2 og eru að öllum líkindum leifar af svokallaðri meðalalýsisbræðslu sem tilheyrði fiskveiðihlutafélagi Alliance. Hún er merkt inn á uppdrátt af

Þormóðsstaðatúni frá 1913 [6] og stóð enn árið 1930 [7], þó nokkuð breytt í útliti. Líklega er það yngri byggingin sem sést í skurðinum og leifar af hinni eldri að mestu horfnar. Austan við steypta vegginn sjást tveir greinilegir niðurgreftir [108] og [116]. Niðurgröftur [108] er nær meðalalýsisnbræðslu [104] og er um 1,3 m á breidd en [116] er um 2,4 m á breidd. Báðir niðurgreftir eru fullir af fremur nýlegu efni; möl og jarðvegsblönduð möl. Dýpt skurðanna er óþekkt en báðir skurðir eru talsvert dýpri en sést í sniðið skurðarins. Annar og eldri skurður sést austast í sniðinu [122]. Sá er mjög aflíðandi og lítur fremur út eins og jarðvegi hafi verið rutt út. Jarðlag [121] sker sig úr öðrum jarðlögum enda sáust í því leirkersbrot og járnleifar. Jarðlag [109] er einnig ólíkt öðrum á svæðinu en það samanstendur aðallega af steinkolum og steinkolamulningi.

Mynd 5. Steyptur veggur [104] af meðalalýsishúsi Alliance. Horft í norður. (Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir).

Skurður 2

Skurður 2 var vestast á svæðinu, 10 m langur og snéri nokkurn vegin norður-suður. Austursniðið í skurðinum var teiknað, eða sú hlið sem snéri inn að miðju ferhyrningsins (sjá mynd 9). Syðst í skurðinum er steyptur veggur [205] sem er úr sömu byggingu og veggur [104] í skurði 1, af meðalalýsisbræðslunni. Steypti veggurinn var 60 cm á hæð og 35 cm á breidd. Líkt og í sniði 1 sást að skorið var niður fyrir vegginn í gegnum jarðlag [210] sem er sama jarðlag og merkt er [105] í skurði 1. Tæpum 5 m norðan við steyptan vegg [205] var steyptur húsgrunnur eða plata [208] (sjá mynd 6). Grunnurinn sást á rúmlega fjögurra metra kafla í skurðinum en gengur inn undir norðurhlið skurðar 2. Hún virðist aðeins ganga nokkra cm inn undir austurhlið skurðarins, allavega sést hún ekki í sniðinu

[6] Gunnlaugur R. Guðmundsson (1983), 49.
[7] Anna Lísa Guðmundsdóttir (2009), 8

Mynd 6. Suðurendi á steyptum grunni og plötu [208]. Horft í austur. (Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir).

í skurði 3 nema á smá kafla (sjá mynd 7). Á túnakorti frá 1913 eru merkt inn sex hús á þessu svæði, fimm hús sem voru 3 x 2 m að stærð og eitt sem er 6 x 6 m að stærð.[8] Þau eru titluð sem vinnuskúrar á túnakorti frá 1913. Á korti frá 1930 er merkt inn fiskverkunarhús frá Alliance norðan við plötuna og annað öllu vestar.[9] Líklega tengist platan þessum húsum en virðist þó ekki vera hluti af þeim byggingum sem merkt eru inn á kort frá þessum tíma. Það er möguleiki að platan sé hluti vinnuskúrum frá 1913, en hvorki stærð né staðsetning þeirra fellur almennilega við staðsetningu plötunnar. Mögulega er því um annað óþekkt mannvirki að ræða, mögulega yngra en 1930.

Mynd 7. Steyptur grunnur eða plata [208] gengur ekki lengra til austurs, inn í skurð 3. Horft í suður. (Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir).

[8] Gunnlaugur R. Guðmundsson (1983), 49.
[9] Anna Lísa Guðmundsdóttir (2009), 8.



Mynd 8. Sniðteikning af skurði 1. Leirker tímasett frá 1870-1940 fundust í jarðlagi [121]. (Teikning Lilja Laufey Davíðsdóttir)



Mynd 9. Sniðteikning af skurði 2. (Teikning Lilja Laufey Davíðdóttir).

Skurður 3

Mynd 10. Steypt plata [308] og hleðsla [309] úr ópekktu mannvirki. (Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir).

Skurður 3 var nyrst á svæðinu, 18 m langur og lá nokkurn veginn vestur-austur. Suðursniðið í skurðinum var teiknað, eða sú hlið sem snéri inn að miðju ferhyrningsins (sjá mynd 12). Efst var yfirborðslag [301] en undir því var blandað torflag [302] sem einnig sést í skurði 4, jarðlag [402] Jarðlag [304] var fullt af steinkolum, svipað jarðlag og [407] og [109] í skurðum 4 og 1. Önnur jarðlög voru blönduð jarðlög með möl og/eða jarðvegi. Eina mannvirkið sem sást í skurði 3 var steyptur grunnur [308] með grjótundirstöðu [309] (sjá mynd 10). Skorið var niður [311] fyrir þessu jarðlagi í gegnum [310] og [307]. Steypti grunnurinn var um 1,6 m á lengd og 0,4 m á hæð. Ekki er hægt að tengja steyptan grunn við neina sérstaka byggingu af gömlum kortum en mjög líklega tengist þetta mannvirki áhrifum Alliance á svæðinu. Torflag [302] tengist helst óskráðum kálgarði frá Þormóðsstöðum sem stóð rétt austan við rannsóknarsvæðið.[10] Á korti frá 1930 sést að búið er að minnka kálgarðinn og stendur hann þá 10 m austar en hann stóð árið 1913. Það má því gera ráð fyrir því að kálgarðurinn hafi ekki verið sléttaður fyrr en eftir 1930 sem gæti útskýrt að einhverju leyti hvers vegna torfið er svo ofarlega í skurðinum. Annar möguleiki er að torfið tilheyri einhverri annarri byggingu sem ekki kemur fram á kortum.

Skurður 4

[10] Gunnlaugur R. Guðmundsson (1983), 49.

Skurður 4 var austast á svæðinu, 10 m langur og lá nokkurn veginn norður-suður. Vestursniðið í skurðinum var teiknað, eða sú hlið sem snéri inn að miðju ferhyrningsins (sjá mynd 13). Efst var yfirborðslag [401] en undir því var sama torflag [402] og var í skurði 3 og tilheyrir líklega sléttuðum kálgarði Þormóðsstaða frá 1930 (sjá mynd 12)[11]. Nyrst í sniðinu sást niðurgröftur [405] sem er um 1,2 m á lengd og 0,4 m á dýpt. Tvær fyllingar voru í honum, annars vegar blönduð möl og jarðvegur [403] og hins vegar hrein möl [404]. Þessi skurður var grafinn áður en torf [402] var flatt út yfir svæðið og ef gert er ráð fyrir því að það sé gert eftir 1930 þá eru allar minjar í skurðinum eldri en það. Steinkolalag [407] sást í skurðinum og svipaði til jarðlags [109] í skurði 1 og jarðlags [304] í skurði 3. Greinilegt mannvirki er í skurðinum sem samanstendur af steyptum grunni [409], steypumulningi og möl [410], viðarplönkum [416] og stoðarholu [418]. Þarna sást illa farinn steyptur grunnur um 1,5 m á lengd en hefur líklega verið lengri eða rúmir 4 metrar, mögulega lengra. Fjórir viðarplankar hafa verið settir á jörðina áður en var steypt yfir. Syðst var stoðarhola [418] (sjá mynd 12). Mannvirki þetta hefur líklega tengst fiskvinnsluhúsum Alliance á svæðinu, mögulega þurrkhjöllum þeim sem stóðu víðsvegar um svæðið[12]. Minjarnar eru hins vegar fremur brotakenndar svo erfitt að gera nákvæmar grein fyrir þeim

Mynd 11. Torfblandað jarðlag [204] sést efst, viðarspýtur [416] og steypt plata (mulningur) [409] í miðjunni og nest sést steypt plata [415] sem nær yfir í aursturhluta skurðarins. (Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir).

[11] Anna Lísa Guðmundsdóttir (2009), 8.
[12] Veiðihlutafélagið Alliance 50 ára 1955, 6.



Mynd 12. Sniðteikning af jarðlögum í skurði 3. (Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir).



Mynd 13. Sniðteikning af skurði 4 (Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir).

Holur fyrir girðingarstaura

Alls voru grafnar 30 holur fyrir girðingarstaura á svæðinu (sjá mynd 16). Holurnar voru allar um 1 x 1 m að stærð og um 1 m á dýpt. Í holum 1-8 sást engin mannvist aðeins svört gróf möl undir yfirborði. Í holum 9-17 sást heldur engin mannvist en þar var mikið um rauðleitt hraungrýti sem veltur upp spurningunni hvort þarna hafi átt sér stað jarðvegsskipti. Í holum 18 og 19 kom í ljóst steypt plata, svipuð og sú sem kom í ljós í skurði 2 [208] (sjá mynd 15). Í holum 20-22 sáust greinileg ummerki um steypu og má áætla að sú steypa sé úr sama mannvirki og kom í ljós í skurðum 1 og 2 [104] og [205], mögulega af útskotinu af meðalalýsis-bræðsuhús Fiskveiðihlutafélagsins Alliance frá árinu 1930 (sjá mynd 14). Í holu 20 fundust einnig múrsteinn og leirker en aðeins leirkerið var hirt. Í holu 23 fundust ummerki um viðarspýtur, járn og frauðplast en ekkert af þessum gripum voru hirtir. Í holum 24-28 sást engin mannvist, aðeins malarblönduð jarðlög. Í holum 29-30 sást blönduð gulleit og grá möl í bland við grjót en engin mannvist.

Mynd 14. Yfirlitsmynd af holum 24-30. Horft í norður. (Ljósmynd Stefán Ólafsson).

Mynd 16. Hola 18. Verið að grafa holu 18 fyrir girðingu kringum ærslabelg. (Ljósmynd Stefán Ólafsson).



Mynd 15. Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið með upplýsingum um þau steyptu mannvirki sem fundust á svæðinu og tengsl þeirra við minjar úr heimildum. (Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir).

Gripir

Þrjú leirkersbrot og einn ógreinanlegur járnbútur fundust á svæðinu. Gavin Lucas greini leirkerin og hefur þetta að segja um þau: *„Three fragments of a whiteware saucer, no visible decoration. Probably dates to c. 1870-1940."*[13] Á mynd 15 má sjá ljósmynd af leirkerunum. Brotið til vinstri er úr holu 20 en hin tvö brotin eru úr jarðlagi [121]. Lítið er hægt að segja um járnstykkið nema að það er 9 cm á lengd og 2-3 cm á breidd og þykkt.

Mynd 17. Ljósmynd af leirkerum sem fundust við rannsóknina. Tímasett 1870-1940. (Ljósmynd Kristjana Vilhjálmsdóttir).

Mynd 18. Járngripurinn sem fannst í jarðlagi [121]. (Ljósmynd Kristjana Vilhjálmsdóttir).

[13] Gavin Lucas (munnleg heimild, 6. mars 2023)

Umræður og niðurstöður

Á rannsóknarsvæðinu voru grafnir fjórir skurðir og 30 holur í kringum skurðina vegna uppsetningar ærslabelgs á svæðinu. Markmið rannsókna var að skrá þær minjar sem komu fram í skurðunum til þess að átta sig betur á þeim umsvifum sem hafa átt sér stað innan heimatúns Þormóðsstaða. Lítil ummerki eru eftir á rannsóknarsvæðinu um þann landbúnað sem ríkti á jörðinni á seinni hluta 19. aldar. Torfblandað jarðlag [402] og [302], móöskulinsa [412] og mannvistarlag [414] virðast vera einu leifarnar sem sáust sem gætu tengst þeim tíma. Aðrar minjar eru frá þeim tíma sem jörðin var í eigu fiskveiðihlutafélagsins Alliance. Mikil umsvif voru á svæðinu á þeim tíma sem tengdust helst fiskvinnslu og lýsisbræðslu. Greinileg ummerki sáust um þrjú steypt mannvirki á svæðinu; meðalalýsisbræðslu suðvestarlega á svæðinu (skurður 1 og 2), fiskvinnsluhús eða vinnuskúra Alliance norðarlega á svæðinu [holur 18 og 19), auk óþekkts húsgrunnar norðvestarlega á svæðnu (skurður 2). Í austurhluta rannsóknarsvæðisins sáust leifar minja sem koma ekki fram á neinum kortum. Þessar minjar hafa líklega ekki staðið undir þaki en mögulega eru þetta leifar eftir þurrkhjalla og palla þeim tengdum. Í tengslum við minjarnar fundust þrjú brot af leirkerjum úr hvítleir, tímasett á milli 1870 og 1940.

Víðsvegar eru greinileg umsvif efir byggingu húsanna og jarðvinnslu. Ýmsir niðurgreftir sjást í skurðunum, sérstaklega austast og syðst á svæðinu. Þar eru fjórar eða fimm misstórar gryfjur, holur eða ummerki um ruðning á jarðvegi. Fylling þessara skurða er oftast mjög rótuð og sambland af nútíma efni og líklega þeim jarðvegi sem upphaflega hefur verið á svæðinu áður en svo stórtæk jarðvinna hófst.

Umsvif fiskveiðihlutafélags Alliance voru allveruleg á heimatúni Þormóðsstaða. Á öðrum áratug 20. aldar átti sér stað greinileg breyting í landnotkun á svæðinu sem hafi í för með sér jarðvegsskipti á stórum svæðum. Jarðvegur þar er nú mikið malarblandaður þó að víða sjáist enn í upprunaleg jarðlög á svæðinu. Eldri minjar sjást frekar að austan og sunnan, nær bæjarstæði Þormóðsstaða og má ætla að þar sem frekar óhreyfðar minjar frá gamla býlinu sem var byggt á Þormóðsstöðum upp úr miðri 19. öld. Grunnar gömlu fiskvinnsluhúsanna, byggð á árunum 1912-1930, standa líklega langflestir óhreyfðir undir yfirborði, vestan og norðan við rannsóknarsvæðið. Mögulega hefur þeim verið raskað að hluta af lagningu göngustíga á svæðinu en megnið af grunnum húsanna auk annarra minja um fiskvinnsluna er án efa að finna á öllu svæðinu milli Þormóðsstaða og Lambhóls.

Heimildir

Anna Lísa Guðmundsdóttir (2009). *Fornleifaskráning Þormóðsstaða. Skýrsla nr. 145*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur.

Guðlaugur R. Guðmundson (1983). Lýsing Skildinganessjarðar. *Landnám Ingólfs: Nýtt safn til sögu þess 1*, 41-65.

Lucas, Gavin (2003). *Archaeological field manual*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Páll Líndal (1988). *Sögustaður við Sund*. 3. bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Páll Lindal (1989). *Sögustaður við Sund*. 4. bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Veiðihlutafélagið Alliance 50 ára. (1955, 18. október) Morgunblaðið, bls. 6.

Þór Hjaltalín (2022). Tölvupóstur frá Minjastofnun Íslands. Dagsett 12. ágúst 2022.

Vikaukar

Viðauki 1 – Einingaskrá

Einninganr.	Skurður	Lýsing	Dags.	Skrásetjari
101	Skurður 1	Grasrót og yfirborðslag.	25.ágú.23	LLD
102	Skurður 1	Blandaður jarðvegur og möl. Í austurhluta jarðlagsins sjást nokkur leirker og steinkol.	25.ágú.23	LLD
103	Skurður 1	Fylling í skurði [106]. Blandaður jarðvegur og möl.	25.ágú.23	LLD
104	Skurður 1	Steyptur veggur, sem liggur norður-suður.	25.ágú.23	LLD
105	Skurður 1	Litríkt og fremur mókennt jarðlag með slatta af rótum. Mikið af lífrænum grastrefjum, mögulega hey? Brúnt, gátt, grágult, ljósbrúnt og appelsínugult. Mögulega mýrartengt? Upp við steyptan grunn og líklega skorið af [106].	25.ágú.23	LLD
106	Skurður 1	Skurður fyrir steyptum vegg [104]. Sker jarðlög [105], [109] og [110].	25.ágú.23	LLD
107	Skurður 1	Fylling í skurði [108]. Möl og jarðvegur blandað saman. Jarðlag [109] er greinilega blandað í þessu.	25.ágú.23	LLD
108	Skurður 1	Skurður - skorið í gegnum [109], [110], [113], [114] og [115].	25.ágú.23	LLD
109	Skurður 1	Grásvört möl, steinkol og mulningur úr þeim.	25.ágú.23	LLD
110	Skurður 1	Rauðbrúnn jarðvegur með steinkolum. Engin önnur mannvist.	25.ágú.23	LLD
111	Skurður 1	Gráleit möl. Nútíma möl, ekki með svörtu eins og [109].	25.ágú.23	LLD
112	Skurður 1	Blandað jarðlag, möl og brúnn jarðvegur.	25.ágú.23	LLD
113	Skurður 1	Rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur.	25.ágú.23	LLD
114	Skurður 1	Rauðleitur náttúrulegur jarðvegur.	25.ágú.23	LLD
115	Skurður 1	Rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur.	25.ágú.23	LLD
116	Skurður 1	Skurður - sker [109], [113], [114], [115].	25.ágú.23	LLD
117	Skurður 1	Rauðbrúnt náttúrulegt jarðlag.	25.ágú.23	LLD
118	Skurður 1	Móöskublandað ruslalag.	25.ágú.23	LLD
119	Skurður 1	Náttúrulegt rauðbrúnt jarðlag.	25.ágú.23	LLD
120	Skurður 1	Ljósgrá möl, smávegis jarðvegsblönduð.	25.ágú.23	LLD
121	Skurður 1	Blönduð möl með mannvist (leirkersbrot og járn) Dökkbrún og rauðbrún mold í bland.	25.ágú.23	LLD
122	Skurður 1	Skurður - sker [117], [118] og [123].	25.ágú.23	LLD
201	Skurður 2	Grasrót og yfirborðslag.	25.ágú.23	LLD
202	Skurður 2	Dökkbrúnn malarblandaður jarðvegur.	25.ágú.23	LLD
203	Skurður 2	Steypublönduð möl og jarðvegur.	25.ágú.23	LLD
204	Skurður 2	Malarblandaður jarðvegur.	25.ágú.23	LLD
205	Skurður 2	Steyptur veggur, sem liggur vestur-austur.	25.ágú.23	LLD
206	Skurður 2	Skurður fyrir steyptum vegg [206]. Sker [210].	25.ágú.23	LLD
207	Skurður 2	Steyptur grunnur.	25.ágú.23	LLD

208	Skurður 2	Skurður, skorið niður fyrir grunni [207].	25.ágú.23	LLD
209	Skurður 2	Náttúrulegur jarðvegur.	25.ágú.23	LLD
210	Skurður 2	Litríkt og fremur mókennt jarðlag með slatta af rótum. Mikið af lífrænum grastrefjum, mögulega hey? Brúnt, gátt, grágult, ljósbrúnt og appelsínugult. Mögulega mýrartengt?	25.ágú.23	LLD
301	Skurður 3	Grasrót og yfirborðslag	26.ágú.23	LLD
302	Skurður 3	Blandað torflag, mikið af appelsínugulum og ljósbrúnum torfskellum og flekkjum í bland við gráa og brúna liti. Svipað og [402].	26.ágú.23	LLD
303	Skurður 3	Möl og jarðvegur.	26.ágú.23	LLD
304	Skurður 3	Steinkol, mulin og stærri molar.	26.ágú.23	LLD
305	Skurður 3	Möl með steypumolum og mulningi.	26.ágú.23	LLD
306	Skurður 3	Brúnn jarðvegur, blandaður en ekki möl.	26.ágú.23	LLD
307	Skurður 3	Dökkbrúnt blandað jarðlag með möl og jarðvegi.	26.ágú.23	LLD
308	Skurður 3	Steyptur grunnur. Fylling í skurði.	26.ágú.23	LLD
309	Skurður 3	Grjóthleðsla undir steyptum grunni. Samtíða steypunni og lögð áður en steypunni er hellt yfir.	26.ágú.23	LLD
310	Skurður 3	Náttúrulegur jarðvegur, rauðbrúnn.	26.ágú.23	LLD
311	Skurður 3	Skurður - sker jarðlög [307] og [310].	26.ágú.23	LLD
401	Skurður 4	Grasrót og yfirborðslag.	26.ágú.23	LLD
402	Skurður 4	Blandað torflag, mikið af appelsínugulum og ljósbrúnum torfskellum og flekkum í bland við gráa og brúna liti. Svipað og [302].	26.ágú.23	LLD
403	Skurður 4	Blönduð möl og jarðvegur. Engin mannvist.	26.ágú.23	LLD
404	Skurður 4	Hrein möl.	26.ágú.23	LLD
405	Skurður 4	Mögulega skurður, sker jarðlög [406], [407], [411], [412] og [413].	26.ágú.23	LLD
406	Skurður 4	Dökkt jarðlag með möl.	26.ágú.23	LLD
407	Skurður 4	Steinkolalag. Svart og sandkennt. Með nokkuð af möl.	26.ágú.23	LLD
408	Skurður 4	Blandað jarðlag með möl og jarðvegi.	26.ágú.23	LLD
409	Skurður 4	Steypt plata/grunnur.	26.ágú.23	LLD
410	Skurður 4	Ljósgrá möl og steypumulningur.	26.ágú.23	LLD
411	Skurður 4	Náttúrulegur, brúnn og einsleitt jarðvegur.	26.ágú.23	LLD
412	Skurður 4	Móöskulinsa.	26.ágú.23	LLD
413	Skurður 4	Náttúrulegt jarðlag, brúnt og einsleitt (eins og [411]).	26.ágú.23	LLD
414	Skurður 4	Mannvistarlag, með sandi, steinkolum og brenndum beinum.	26.ágú.23	LLD
415	Skurður 4	Steyptur grunnur.	26.ágú.23	LLD
416	Skurður 4	Viðarplankar sem liggja vestur-austur.	26.ágú.23	LLD
417	Skurður 4	Mögulega skurður, sker jarðlög [411], [412] og [413].	26.ágú.23	LLD
418	Skurður 4	Skurður, stoðarhola? Sker jarðlag [410].	26.ágú.23	LLD

Viðauki 2 – Ljósmyndaskrá

Númer	Skurður	Átt	Lýsing	Dags.	ID
DSC_0199	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0200	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0201	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0202	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0203	Skurður 1	V	Hleðsla [104] í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0204	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0205	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0206	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0207	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0208	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0209	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0210	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0211	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0212	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0213	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0214	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0215	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0216	Skurður 1	N	Jarðlög í skurði 1.	25.8.2022	LLD
DSC_0217	Skurður 2	A	Jarðlög í skurði 2.	25.8.2022	LLD
DSC_0218	Skurður 2	A	Jarðlög í skurði 2.	25.8.2022	LLD
DSC_0219	Skurður 2	A	Jarðlög í skurði 2.	25.8.2022	LLD
DSC_0220	Skurður 2	A	Jarðlög í skurði 2.	25.8.2022	LLD
DSC_0221	Skurður 2	A	Jarðlög í skurði 2.	25.8.2022	LLD
DSC_0222	Skurður 2	A	Jarðlög í skurði 2.	25.8.2022	LLD
DSC_0223	Skurður 2	A	Jarðlög í skurði 2.	25.8.2022	LLD
DSC_0224	Skurður 2	A	Jarðlög í skurði 2.	25.8.2022	LLD
DSC_0225	Skurður 2	A	Jarðlög í skurði 2.	25.8.2022	LLD
DSC_0226	Skurður 2	A	Jarðlög í skurði 2.	25.8.2022	LLD
DSC_0227	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0228	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0229	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0230	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0231	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0232	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0233	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0234	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0235	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0236	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0237	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0238	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD

DSC_0239	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0240	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0241	Skurður 3	S	Jarðlög í skurði 3.	25.8.2022	LLD
DSC_0242	Skurður 4	V	Jarðlög í skurði 4.	26.8.2022	LLD
DSC_0243	Skurður 4	V	Jarðlög í skurði 4.	26.8.2022	LLD
DSC_0244	Skurður 4	V	Jarðlög í skurði 4.	26.8.2022	LLD
DSC_0245	Skurður 4	V	Jarðlög í skurði 4.	26.8.2022	LLD
DSC_0246	Skurður 4	V	Jarðlög í skurði 4.	26.8.2022	LLD
DSC_0247	Skurður 4	V	Jarðlög í skurði 4.	26.8.2022	LLD
DSC_0248	Skurður 4	V	Jarðlög í skurði 4.	26.8.2022	LLD
DSC_0249	Skurður 4	V	Jarðlög í skurði 4.	26.8.2022	LLD
DSC_0250	Skurður 4	V	Jarðlög í skurði 4.	26.8.2022	LLD
DSC_0724	-	V	Yfirlitsmynd.	30.8.2022	SÓ
DSC_0725	-	N	Yfirlitsmynd.	30.8.2022	SÓ
DSC_0726	-	N	Yfirlitsmynd.	30.8.2022	SÓ
DSC_0727	-	A	Yfirlitsmynd.	30.8.2022	SÓ
DSC_0728	-	N	Holur fyrir girðingastaura austan við ærslabelg, yfirlit.	30.8.2022	SÓ
DSC_0729	-	-	Hola fyrir girðingarstaura.	30.8.2022	SÓ
DSC_0730	-	-	Hola fyrir girðingarstaura.	30.8.2022	SÓ
DSC_0731	-	-	Hola fyrir girðingarstaura.	30.8.2022	SÓ
DSC_0732	-	-	Hola fyrir girðingarstaura.	30.8.2022	SÓ
DSC_0733	-	V	Yfirlitsmynd með holur í forgrunni.	30.8.2022	SÓ
DSC_0734	-	NA	Hola 18, upp kom steypt plata eða grunnur.	30.8.2022	SÓ
DSC_0735	-	NA	Hola 18, upp kom steypt plata eða grunnur.	30.8.2022	SÓ
DSC_0736	-	NA	Hola 18, upp kom steypt plata eða grunnur.	30.8.2022	SÓ
DSC_0737	-	NA	Hola 18, upp kom steypt plata eða grunnur.	30.8.2022	SÓ
DSC_0738	-	NA	Hola 18, upp kom steypt plata eða grunnur.	30.8.2022	SÓ
DSC_0739	-	NA	Hola 18, upp kom steypt plata eða grunnur.	30.8.2022	SÓ
DSC_0740	-	NA	Verið að grafa holur 18-22.	30.8.2022	SÓ
DSC_0741	-	NA	Verið að grafa holur 18-22.	30.8.2022	SÓ
DSC_0742	-	-	Verið að grafa holur 18-22.	30.8.2022	SÓ
DSC_0743	-	N	Hola 20. Mikil bleyta á vettvangi en þarna sést steypa og múrsteinn.	30.8.2022	SÓ
DSC_0744	-	N	Hola 20.	30.8.2022	SÓ
DSC_0745	-	N	Holur 20.	30.8.2022	SÓ
DSC_0746	-	NA	Verið að grafa holur 18-22.	30.8.2022	SÓ
DSC_0747	-	NA	Verið að grafa holur 18-22.	30.8.2022	SÓ
DSC_0748	-	NA	Verið að grafa holur 18-22.	30.8.2022	SÓ
DSC_0749	-	NA	Hola 22.	30.8.2022	SÓ
DSC_0750	-	A	Holur 20, 21 og 22.	30.8.2022	SÓ
DSC_0751	-	N	Hola 21.	30.8.2022	SÓ
DSC_0752	-	N	Yfirlitsmynd, yfir holur 24-30.	30.8.2022	SÓ
DSC_0753	-	A	Yfirlitsmynd, yfir holur 20-23.	30.8.2022	SÓ

DSC_0754	-	A	Yfirlitsmynd, yfir holur 11-19.	30.8.2022	SÓ
DSC_0755	-	S	Yfirlitsmynd, yfir holur 1-14.	30.8.2022	SÓ
DSC_0756	-	SV	Yfirlitsmynd, holur 12-30.	30.8.2022	SÓ